

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/6/ESB

2011/EES/20/03

frá 9. febrúar 2010

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar kvikasilfur, óbundið gossýpól, nítrít og Mowrah, Bassia, Madhuca (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón afsáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fódri⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fódur og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Að því er varðar kvikasilfur komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 20. febrúar 2008⁽²⁾ að það sé ósamræmi á milli núverandi hámarksgildis fyrir heilfóður fyrir fisk (0,1 mg/kg) og hámarksgildis fyrir fódur sem fellur til við vinnslu fisks eða annarra sjávardýra (0,5 mg/kg). Í kjölfar nýlegrar þróunar á sviði fódursamsetningar er fiskafóður farið að innihalda meira fisklýsi og fiskimjöl en vegna nógildandi lagaákvæða er hætt við skorti á þessum fódurefnum sem eru gagnleg

við framleiðslu á fiskafóðri. Til að bregðast við þessu er rétt að hækka lítilla hámarksgildið fyrir fiskafóður og þessi hækkun ætti ekki að leiða til þess að farið verði yfir fastsett hámarksgildi fyrir kvikasilfur í eldisfiski. Niðurstaða álitsins er einnig sú að núverandi hámarksgildi fyrir heilfóður fyrir hunda og ketti veiti ekki næga vernd. Því skal lækka það hámarksgildi. Þar sem loðdýr eru álíka næm og kettir skal viðkomandi hámarksgildi einnig gilda um loðdýr.

- 3) Að því er varðar nítrít komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 25. mars 2009⁽³⁾ að öryggismörkin fyrir svín og nautgripi, sem eru dæmigerðar, nærmar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, séu fullnægjandi með hliðsjón af samsvarandi mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL). Matvælaöryggisstofnunin taldi einnig að nítrít í dýraafurðum skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna. Nítrít er þegar leyft til notkunar sem rotvarnarefni í heilfóðri fyrir hunda og ketti, að hámarksinnihaldi 100 mg/kg og með meira en 20% rakainnihald, og sem aukefni í votheyi⁽⁴⁾. Því skal hvorki líta á nítrít sem óæskilegt efni í slíku heilfóðri né í votheyi. Af því leiðir að ekkert hámarksgildi skal eiga við í þessum tilvikum.
- 4) Að því er varðar gossýpól komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 4. desember 2008 að núverandi hámarksgildi fyrir sauðfé, þ.m.t. lömb, og geitur, þ.m.t. kiðlingar, veiti ekki næga vernd gegn skaðlegum áhrifum á heilbrigði dýra. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að váhrif gossýpóls á menn vegna neyslu á matvælum unnum úr dýrum, sem voru fódruð á afurðum úr þaðmullarfræjum, séu að öllum líkindum væg og hafi ekki skaðleg áhrif. Á grundvelli þessa álits skal lækka hámarksgildin fyrir sauðfé, þ.m.t. lömb, og geitur, þ.m.t. kiðlingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 1.

(¹) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

(²) Álit sérfræðinganevndar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um kvikasilfur sem óæskilegt efni í fódri, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 654, bls. 1–76.

(³) Vísindaálit sérfræðinganevndarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um nítrít sem óæskilegt efni í fódri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1017, bls. 1–47.

(⁴) Skrá Bandalagsins yfir fóduraukefni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003, færsla um natriumnítrít (hundar, kettir) og natriumnítrít í votheyi, http://ec.europa.eu/food/food/animalnutrition/feedadditives/registeradditives_en.htm

- 5) Að því er varðar saponín í *Madhuca longifolia* L. komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 29. janúar 2009 ⁽¹⁾ að ekki sé búist við neinum skaðlegum áhrifum á heilbrigði dýra þar sem markdýr verða fyrir óverulegum váhrifum í Evrópusambandinu. Matvælaöryggisstofnunin telur að fæðutengd váhrif á menn af völdum *Madhuca* saponína séu óveruleg þar eð menn neyta ekki afurða sem unnar eru úr *Madhuca* og *Madhuca*-mjöl er ekki notað sem fæðurefni í Evrópusambandinu. Því er rétt að fella brott línuna um Mowrah, Bassia og *Madhuca*.
- 6) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

1. nóvember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

⁽¹⁾ Vísindaálit sérfræðinganeftardarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um saponín í *Madhuca Longifolia* L. sem óæskilegt efni í fæði. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 979, bls. 1–36.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. línu, kvikasilfur, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„4. Kvikasilfur (*) (**)	Fóðurefni	0,1
	að undanskildu:	
	— fóðri sem unnið er úr fiski eða sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra lagardýra,	0,5
	— kalsíumkarbónati.	0,3
	Fóðurblöndur (fóðurbætur og heilfóður)	0,1
	að undanskildu:	
	— steinefnafóðri,	0,2
	— fóðurblöndum fyrir fisk,	0,2
	— fóðurblöndum fyrir hunda, ketti og loðdýr.	0,3

(*) Hámarksgildi vísa til heildarstyrks kvikasilfers.

(**) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á kvikasilfri þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við þyngd) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.“

2. Í stað 5. línu, nítít, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„5. Nítít	Fóðurefni	15 (gefíð upp sem natríumnítít)
	að undanskildu:	
	— fiskimjöli,	30 (gefíð upp sem natríumnítít)
	— votheyi.	—
	Heilfóður	15 (gefíð upp sem natríumnítít)
	að undanskildu:	
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti með rakainnihald sem er meira en 20%.	—“

3. Í stað 9. línu, óbundið gossýpól, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„9. Óbundið gossýpól	Fóðurefni	20
	að undanskildu:	
	— baðmullarfræjum,	5 000
	— baðmullarfræskökum og baðmullarfræsmjöli	1 200
	Heilfóður	20
	að undanskildu:	
	— heilfóðri fyrir fullvaxna nautgripi,	500
	— heilfóðri fyrir sauðfé (að undanskildum lömbum) og geitur (að undanskildum kiðlingum),	300
— heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa,	100	
— heilfóðri fyrir kanínur, lömb, kiðlinga og svín (að undanskildum smágrísunum)	60 ⁴	

4. Lína 32, „Mowrah, Bassia, Madhuca – Madhuca longifolia (L.) Macbr. (= Bassia longifolia L. = Illiped malaborum Engl.) Madhuca indica Gmelin (= Bassia latifolia Roxb.) = Illipe latifolia (Roscb.) F. Mueller“ falli brott.